



Sauðárkrókur 26. apríl 2005

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Erindi: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2005 – 2008, 721, mál.

Á fundi byggðarráðs sveitarfélagsins Skagafjörður var ofangreind þingsályktunartillaga tekin til afgreiðslu og bókaði byggðarráð eftirfarandi:

Byggðarráð samþykkir að fela sveitarstjóra að svara þessu erindi og leggja áherslu á að framkvæmdum við Þverárfjallsveg verði flýtt. Einnig að minna á hafnargerð við Haganesvík og áframhaldandi uppbyggingu á safn- og tengivegum innan héraðs. Jafnframt leggur byggðarráð áherslu á mikilvægi vegtengingar úr Fljótum til Ólafsfjarðar með heilsársvegi eða jarðgöngum.

Í framhaldi af bókun byggðarráðs vill undirritaður koma eftirfarandi á framfæri

Þverárfjallsvegur.

Þrátt fyrir að vegurinn um Þverárfjall sé ekki fullgerður, er umferð um hann orðin gríðarleg. Á árinu 2004 fóru um veginn **69.904 bílar** eða 191 bíll á dag að meðaltali. Hafa verður í huga að Þverárfjallsvegur var í vinnslu á árinu 2004 og opnaði í raun ekki fyrir umferð fyrr en um mitt árið. Í ljós hefur komið að Þverárfjallsvegur gegnir miklu mikilvægara hlutverki, atvinnu- og félagslega, en hugmyndir manna stóðu til þegar lagt var af stað með uppbyggingu hans. Nú er eftir að ljúka við byggingu vegarins að austanverðu og vegna hins gífurlega umferðarþunga sem vegurinn þarf að bera er afar brýnt að fjármagni verði veitt til að ljúka við gerð hans hið fyrsta. Þess ber að geta að Þverárfjallsvegur er ekki eingöngu orðinn aðalsamgönguæð til og frá Sauðárkróki og hluta Skagafjarðar, Hofsóss, Hóla og Siglufjarðar, heldur er sá kaflí hans, sem enn er ófullburða, leiðin á skíðasvæði Skagfirðinga í Tindastóli, sem þúsundir gesta sækja árlega.

Hafnargerð í Haganesvík

Árlega þarf að gera nauðsynlegar dýpkunarframkvæmdir við legukant í Haganesvík í Fljótum vegna sjávangangs. Siglingastofnun hefur gert úttekt á kostnaði við að gera litla höfn við Haganesvík þannig að smábátar geti lagt þar upp afla og skemmtibátar haft þar öruggt skjól. Kostnaður er áætlaður um kr. 40 - 55 milljónir og eru það tilmæli byggðarráðs Skagafjarðar að kostnaður við hafnargerðina verði sett inn í Samgönguáætlun 2005-2008. Tilurð hafnarinnar er forsenda fyrir því að smábátaútgerð verði áfram stunduð frá Haganesvík. Hér er um gríðarlega mikilvægt byggðamál að ræða.




Uppbygging safn- og tengivega

Byggðarráð leggur á það áherslu að uppbygging safn- og tengivega verði haldið í góðu horfi en með fækkun skóla og stækkandi atvinnusvæðum eykst umferð um þessa vegi og mikilvægi þess að þeim sé vel við haldið og þeir öruggir vegfarendum.

Vegtenging úr Fljótum

Byggðarráð telur mikilvægt að vegtengingunni milli Fljóta og Ólafsfjarðar verði komið í viðunandi horf en núverandi vegur um Lágheiði er ekki heilsársvegur. Byggðarráð leggur á það áherslu að í Samgönguáætlun 2005-2008 verði lagt til fjármagn til að bæta úr þessum samgöngum með uppbyggingu heilsársvegur eða með gerð jarðgangna.

Virðingarfyllst,
f.h. byggðarráðs sveitarfélagsins Skagafjarðar


Ársæll Guðmundsson, sveitarstjóri